

## 41. fundur skólaráðs Grunnskóla Fjallabyggðar

Fundurinn haldinn 25.nóvember 2016 kl. 8.10 við Norðurgötu

Mættir: Brynja Hafsteinsdóttir foreldrafulltrúi, Halla Óladóttir fulltrúi kennara, Sigurlaug Ragna Guðnadóttir fulltrúi kennara. Nemendaráð mætti á fundinn: Hilmar Þór Halldórsson, Jóachim Birgir Andersen, Júlía Birna Ingvarsdóttir, Rut Jónsdóttir, Birna Björt Heimisdóttir, Jón Pétur Erlingsson og Hörður Ingi Kristjánsson. Jónína Magnúsdóttir skólastjóri og Ríkey Sigurbjörnsdóttir aðstoðarskólastjóri sátu fundinn.

### 1. Skólareglur.

Farin var yfir endurbætur eða uppfærslu á skólareglum. Skólaráð hafði á síðasta fundi fjallað um uppfærslu og hugsanlegar breytingar á reglunum í tengslum við nýja reglugerð um skólareglur. Í framhaldinu verða reglurnar samþykktar á starfsmanna/kennarafundi og kynntar nemendum.

### 2. Samtal skólaráðs og nemendaráðs

Samkvæmt reglugerð um skólaráð á ráðið að funda einu sinni á ári að lágmarki með stjórn nemendafélags skólans.

Nemendaráð skólans er mætt til fundar og var ákveðið að taka samtalið út frá tveimur megin spurningum: hvað má betur fara í skólastarinu og hvað eru nemendur ánægðir með.

Niðurstöður urðu eftirfarandi:

#### Hvað er vel gert í skólanum?

- Nemendur lýsa ánægju sinni með 60 mínútna kennslustundir og vilja sjá þær áfram í stundatöflu.

#### Hvað má bæta í skólanum?

- Nemendur vilja geta valið valgreinar að hausti eða breyta vali sínu frá vori.
- Setja námsnefnd aftur á koppinn
- Það vantar eitthvað að gera í frímínútum. Dæmi: opna salinn í frímínútum, spurningakeppni. Fundurinn beinir því til nemendaráðs að koma með hugmyndir og hrinda þeim í framkvæmd.

Fundi slitið kl. 9.00

Jónína Magnúsdóttir